

Minnisblað Hafnarstjóra staða framkvæmda 2020.

Ísafirði 23/09/2020

Þann 29. apríl sl var undirritaður samningur við Ísar ehf í Kópavogi vegna niðurrekstrar stálþils á Vesturkanti löndunarkants á Suðureyri og var samningsupphæð að undangengnu útboði kr.49.950.000. Þetta verk var unnið í maí og júní og gekk mjög vel og engin vandamál komu upp við framkvæmdina og verkinu lokið í júní.

4. ágúst var undirritaður samningur við Geirnaglan ehf Strandgötu 7b í Hnífsdal vegna verksins Vesturkantur Suðureyri upphæð kr.37.464.950. vegna steypu á Þekju og er það verk núna í gangi og áætlað er að því verði lokið 15. Október 2020 og á þar með að ljúka þessu verkefni. Geirnaglinn var eini verktakinn sem bauð í verkið.

Heildarkostnaður þessa verks á þessu ári er þar með áætlaður kr. 87.414.950 og er verkið á 75% fjárframlagi Samgönguáætlunar þannig að reikna má með að hlutur hafnarsjóðs verði kr.21.853.737 þegar allt verður komið.

Samkvæmt samgönguáætlun vegna þessa verkefnis þá er áætlaður heildarkostnaður eftirfarandi sundurliðað eftir árum og framvindu.

| ár | Samgönguáætlun | Fjárveiting | Kostnaður | |
|-------|----------------|-------------|-------------|-------------|
| 2019 | 68.600.000 | 41.500.000 | 20.000.000 | Stálþil |
| 2020 | 69.000.000 | 42.000.000 | 87.414.950 | Framkvæmdir |
| Heild | 137.600.000 | 83.500.000 | 107.414.950 | |

Heildar uppgjör á eftir að fara fram á þessu verki en inni þennan kostnað vantar allan hönnunar og eftirlitskostnað vegna verksins þó er ljóst að heildarverkið er innan fjárheimildar.